


7. ÁRGANGUR  
OKTÓBER 1977



# BLAÐ MEINATAEKNA

# SMÁSJÁR



*Gunnar Ásgeirsson h.f.*

Suðurlandsbraut 16 - Reykjavík - Símnafni: »Volver« - Sími 35200

# **FRÁ: WELLCOME REAGENTS LTD.**

**AGLA MICROMETER SYRINGES:**  
Dælur til notkunar á mjög litlu vökvamagni.

## **KLÍNÍSK EFNAFRÆÐI:**

- 1) **Wellcomtrol (one, two, three.)** – Til rútinueftirlits á rannsóknastofum.
- 2) **Wellcome group quality control programme.** Sex mánaða eftirlitsprógramm fyrir rannsóknastofur. Nú þegar í notkun á Landspítalanum, Landakoti og Sjúkrahúsini á Akranesi.

## **HEMATOLOGISK PRÓFEFNI:**

Coombs Reagent, Phytohaemagglutinin (Regent Grade eða Purified), Thrombo-Wellcotest, FDP kit, Wellcome Russel Viper Venom.

## **ÓNÆMISPRÓFEFNI:**

- 1) **Auto-immune Disease Reagents**  
Rose-Waaler próf, Rheuma-Wellcotest o.fl.
- 2) **Flúoriserandi Mótefnaákvörðun**  
Clostrida, E. coli, Salmonella, Shigella, Immunogloblin, Fibrinogen o.fl.
- 3) **Immuno-Precipitating Sera**  
Fibrinogen, Immunogloblin, Albumin, Elektroforesa o.fl.
- 4) **þungunarpróf.**

## **MÍKRÓBIOLÓGISK PRÓFEFNI:**

m.a. fyrir – E. coli (enteropatogen/bvag), Salmonella (O eða H), Shigella, Streptokokka (þ.a m. S. pneumonia), Brucella, Vibrio cholera, Bordetella, Proteus OX, H. Influenza, N. Meningitis.

**Ennfremur:** Stained Suspensions fyrir alengustu Salmonella, Brucella og Proteus Teg., Blóðvökvi (plasma) úr kanínum, Blóðvatn (sera) úr kanínum, kálfum og hestum, Wellcotest Sensitivity Test Agar o.fl.

## **GEISLAVIRK PRÓFEFNI**

### **(Radio-Immunoassay):**

m.a. Anti-ACTH, Anti Digoxin, Geislavirkrt digoxin, Lanoxitest beta og gamma, Anti-Vaxtarhormón, Anti-Insulin, Anti-LH, o.fl.

## **TISSUE CULTURE RAGENTS:**

Margar gerðir næringarlausna til bakteríuræktunar.

## **PRÓFEFNI FYRIR**

### **KYNSJÚKDÓMAGREININGU:**

## **PRÓFEFNI FYRIR DÝRASJÚKDÓMA:**

m.a. til greiningar á Clostridia, Mycoplasma og Salmonella tegundum.

## **VEIRUPRÓFEFNI:**

- 1) Complement Fixing Antigens,
- 2) Haemagglutinating Antigens,
- 3) Anchillary Products,
- 4) Flúoriserandi Mótefnaákvörðun,
- 5) Hepatitis B-Mótefnaákvörðun.

## **UMBOÐSMENN:**

# **HEILDVERZLUN ÁSGEIRS SIGURÐSSONAR HF**

AUSTURSTRÆTI 17,  
101 REYKJAVÍK,  
SÍMI: 91-26800.

# PRODUCTS FOR THE LABORATORY

*Brunswick*

Sterile Disposable,  
syringes and needles

## Symbols of Dependability


Tri-Pour	RED-TIP	BLU-TIP	Deodor-All	Capall
Trutol	 LANCER	Bea-Kup	Paraplast	
COAGULYZER		SPEEGRAV	SPIRACRIT	
Bacti-Capall	Critoseal	Critocaps	Bacti-Cinerator	

Products from  
**Sherwood**  
MEDICAL INDUSTRIES

Einkaumboð á Íslandi  
**AUSTURBAKKI HF.**



UMBOÐS - OG HEILDVERZLUN  
SUÐURVERI V/STIGAHLÍÐ-SÍMAR 38944 & 30107 P.O. BOX 1282



NÓV. 1977 — 1. tölublað — 7. árgangur  
BLAÐ MEINATÆKNA

## Nokkur formálsorð

Meinatæknafélag Íslands var stofnadt í febrúar 1967 og átti félagið 10 ára afmæli á þessu ári. Fyrsta blað meintækna kom út í apríl 1971 og síðan hefur komið eitt blað á ári. Blaðið hefur birt fræðigreinar og fréttir frá MTÍ, en kjaramál meintækna hafa ekki verið rædd í blaðinu.

Í þessu blaði er grein eftir Hörð Bergsteinsson, barnalækni og önnur eftir Jón Óttar Ragnarsson, dósent,

en annað efni í blaðinu er eftir meinatækna og vona ég, að áframhald verði á því, að meinatækna skrifi, sem mest sjálfir í blaðið.

Reglugerðir um meinatækna, eru birtar með greinargerð formanns og vil ég benda meinatæknunum á að lesa þessar reglugerðir.

Að lokum kærar þakkir til þeirra sem skrifð hafa í blaðið og annarra, sem hjálpað hafa við útkomu blaðsins.

---

Útgefandi: *Meinatæknafélag Íslands.*

Ritnefnd: *Stefanía Stefánsdóttir, Geirlaug Björnsdóttir, Kristín Bergsteinsdóttir, Sigurlaug Aðalsteinsdóttir, Petra Pétursdóttir.*

## **EFNISYFIRLIT:**

Idioathic Respiratory Distress Syndrome .....	bls.	3
Nokkur orð um lekanda .....	—	12
Rannsókn á blóði í saur .....	—	16
Um megrun .....	—	18
Um starfsemi Lungnarannsóknastofu Landspítalans .....	—	24
Nefndastörf .....	—	29
Greinargerð formanns .....	—	32
Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir .....	—	37

# Idiopathic Respiratory Distress Syndrome

(Hyaline Membrane Disease)

Sennilega hefur enginn sjúkdómur, sem hrjáir nýbura, orðið tilefni til eins mikilla rannsókna og kostað eins mikla vinnu og natni í meðferð eins og idiopathic respiratory distress syndrome. Þessi sjúkdómur eða sjúkdómsmynd, eins og réttara væri að kalla það, er algengasta dánarorsök nýbura. Idiopathic respiratory distress syndrome er best skýrgreint þannig að það sé afleiðingar ófullnægjandi þroska lungnanna (developmental immaturity of the lungs) og það kemur eingöngu fyrir hjá fyrirburðum, sem ekki eru tilbúnir til þess að aðlaga sig lífi utan legsins, það er, því að anda að sér lofti.

Hocheim (1903) varð fyrstur til þess að lýsa sérkennilegum himnum innan í alveoli í lungum tveggja nýbura, sem dóu stuttu eftir fæðingu. Johnson og Mayer (1925) lýstu sömu vefjabreytingum í lungum 8 barna. Farber og Sweet (1931) lýstu 18 tilfellum til viðbótar, þeir töldu þessar himnur vera (aspireraða) fósturfitu (vernix caseosa), sem hefði sogast ofan í lungun. Á árunum þar á eftir olli óvissa um orsök þessa sjúkdóms miklum ruglingi í sambandi við nafn-

gift og kringum árið 1953 voru eftirfarandi heiti notuð til þess að lýsa þeim vefjabreytingum sem sáust í lungum þessara barna:

1. Myaline formation in the lungs.
2. Congenital aspiration pneumonia.
3. Asphyxial membrane.
4. Desquamative anaerosis.
5. Congenital alveolar dysplasia.
6. Vernix membrane.
7. Hyaline membrane.
8. Hyaline like membrane.
9. Hyaline atelectasis.

ENN eru menn ekki algjörlega sammála um nafn á sjúkdómnum, en á alþjóðlegu þingi, sem haldið var 1959, bar nafngiftin idiopathic respiratory distress syndrome sigur úr býtum við atkvæðagreiðslu. Nafnið hyaline membrane sjúkdómur er þó notað jöfnum höndum. Það er rétt að geta þess hér, að hyaline membrane sést aldrei í börnum, sem eru andvana fædd eða deyja strax eftir fæðingu (Miller Hamilton 1949). Hún myndast því á fyrstu klukkustundum eftir fæðingu. Það þýðir að hún er fremur afleiðing en orsök þessa sjúkdóms.

## *Myndun og þroski lungnanna*

Myndun lunganna hefst um 24. dag meðgöngutíma. Lungun vaxa út frá svokallaðri ventral groove, sem er í cervical regio á endodermal tube. Í upphafi er þetta aðeins smápoki með mesenchymef í endanum, þessi poki eða gangur vex síðan og greinist í tvennt og sömuleiðis angar hans, þannig að um 16. viku eru allar stærri berkjur (það eru þær sem munu hafa brjóskhringi í veggjum sínum) fullmyndaðar. Síðan fer að myndast sá hluti lungnanna, sem tekur þátt í súrefnisupptökum og koldioxíð útskilnaði líkamans. Um 20. til 24. viku eru komnar respiratory bronchioles, alveolar ducts, atria og saccules. Á þessum stigi eru engir raunverulegir alveoli enn til staðar. Þegar á þessum tíma eru greinanlegar tvær mismunandi frumur í epithelium í alveolar ducts, atria og sacculum. Pessar tvenns konar frumur eru kallaðar típa I. og típa II. alveolar frumur. Típa I. frumur eru flatar, þekja mestan hluta alveoli. Típa II. frumur eru kúlulaga og hafa osmophilic granulur sem eru taldar vera geymslustaðir eða myndunarstöðvar fyrir surfactant (sjá að neðan). Á þessum tíma hefur æðakerfi lungnanna einnig myndast og um 20. til 24. viku má sjá háraðar í snertingu við sacculur eða frumstæða alveoli. Pykktin á vef milli lofts í alveoli og blóðs í hráæðum (alveolar blood barrier) er sú sama og hjá fullorðnum og því sami möguleiki á súrefnisupptökum og koldioxíð útskilnaði. Pess er þó að geta

að þessir snertipunktar eru mun færri og smærri og því heildarflatarmál þeirra mun minna en hjá fullburða barni. Pess vegna fer stór hluti af því blóði, sem rennur í gegnum lungun um þau án þess að súrefni hafi tækifæri til þess að komast yfir í blóðið og bindast hemoglobini. Þetta er kallað ventilation perfusion ójafnvægi (sjá frekari skýringu síðar).

Það sem einkennir lungu fyrirbura á því skeiði meðgöngutímans, þegar þeim er hætt við að fá idiopathic respiratory distress syndrome, það er frá 24. til 34.—35 viku meðgöngutíma, er í fyrsta lagi: fullmyndun á stærri berkjum, sem einungis vaxa að lengd og vídd, í öðru lagi er hraður vöxtur og fjölgun á respiratory bronchioles, alveolar ducts, sacculum og frumstæðum alveoli. Og svo í þriðja lagi þykk intersaccular og interalveolar bil, sem samanstanda af vökvárikum mesenchymalvef.

Vöxtur lungnanna eftir það fram að fæðingu og fyrstu ár ævinnar er aðallega fjölgun og stækkun á alveoli og svo aukinn lengdarvöxtur og víkkun berkja.

Það er einkennandi fyrir eðlileg lungu og er merki um fullan þroska þeirra, að þau halda í sér ákveðnu magni af lofti í enda útöndunar. Þetta loftmagn er kallað functional residual capacitet. Þegar nýfætt barn tekur fyrsta andardráttinn og andar síðan út verður um 50% af loftinu eftir í lungunum, þetta tryggir m. a.

að súrefnisupptaka blóðs í lungunum verður jöfn og stöðug. Þegar lungun eru óþroskuð skortir þau hæfileikan til að halda í sér nægilegu lofti í enda útöndunar og falla því saman og barnið verður að anda inn eins og það sé að taka fyrsta andardráttinn í hvert sinn sem það andar.

Í heilbrigðum lungum eru alveoli þaktaðar að innan af yfirborðsvirkum (surface activum) efnasamböndum, sem í heild sinni mynda svokallaðan surfactant. Surfactant minnkar yfirborðsspennu innan í alveoli í útöndun og kemur í veg fyrir, að þeir falli saman. Til þess að skýra þetta frekar getum við hugsað okkur að hver alveolus, sé í rauninni smá loftbóla, sem er umlukin þunnu lagi af vökva. Yfirborðsspenna er fyrirbæri, sem er til staðar við snertifleti (interface) ólíkra efna, svo sem vatns og lofts. Áhrif yfirborðsspennu í snertifleti lofts og vatns er að minnka yfirborðsnertiflatafins. Í lungunum þar sem yfirborðið er kúpt myndi minnkun yfirborðs við aukna yfirborðsspennu valda því að alveoli félji saman.

La Place lögðmál segir  $p=2 t/r \beta\ddot{a}d$   
 býðir að yfirborðsspennan t er í öfugu  
 hlutfalli við radiusinn r, en í réttu  
 hlutfalli við þrýstinginn p. Af þessu  
 má sjá að yfirborðsspennan í alveoli  
 myndi aukast, þegar radiusinn minnk-  
 ar, það er útöndun. Surfactant minnkar  
 yfirborðsspennu í alveoli í útönd-  
 un og kemur því í veg fyrir, að þeir  
 falli saman eins og að ofan greinir.

Meginhluti þeirra efnasambanda, sem einu nafni eru nefnd surfactant.

er yfirborðsvirkt fosfolipid efnasam-  
band, sem kallast lecithin. (skema 1).  
Surfactant myndast í svökölluðum  
típu II alveolar frumum og má þegar  
um 20. viku meðgöngutíma sjá í þeim  
svonefndar osmophilic granulur, sem  
taldar eru innihalda surfactant.

Hjá mönnum eru þekktar tvær brautir efnakljúfa, (enzyme pathways), sem leiða til myndunar, surfactant. Sú fyrri (pathway I.) nefnist fosfocholin-transferasa braut og byrjar að starfa mjög snemma á meðgöngutíma, en er ekki fullvirk fyrr en við 35. viku. Pessi efnakljúfabraut leiðir til myndar á diplamitoyl-lecithin, en það er mikilvægasta efnasamband í surfactant hjá fullburða börnum og fullorðnu fólk og þolir vel súrefnis-skort, sýringu í blóði, kælingu og annað álag.

## **SKEMA I**





Figure 1. The two principal pathways for biosynthesis of surface-active lecithin in the lung of the human fetus. The specific acyl ester products made by each pathway are indicated.

Hin efnakljúfabrautin, sem er kölluð er braut II. eða methyltransferasa braut byrjar að starfa um 22. til 24. viku meðgöngutíma. Hún myndar svokallað palmitoyl myristoyl lecithin, þessi efnakljúfabraut framleiðir mun minna af surfactant og er mjög viðkvæm fyrir súrefnisskorti, acidosis, shocki og hypothermiu o.s. frv. Pessi efnakljúfabraut finnst aðeins hjá mönnum en er á seinni árum talin hafa litla þýðingu.

### *Rannsóknir til að meta þroska lungnanna*

Í fósturlífi eru lungun full af vökva. Yfirborðsþekja lungnanna gefur frá sér þennan vökva, sem síðan kemst út í legvökvanum (amniotic fluid). Með því að taka sýni úr legvökva með legástungu (amniocentesis) og gera á honum vissar rannsóknir, er hægt að gera sér grein fyrir því, hvort lungu barnsins séu nægjanlega þroskuð til að það geti andað eðlilega eftir fæðingu. Sú rannsókn sem mest er notuð, er mæling á hlutfalli milli tveggja yfirborðsvirkra efnasambanda í legvökva. Pessi efni eru lecithin og sphingomyelin (L/S hlutfalli). Í fyrstu

Table 1. Accuracy of the L/S Ratio in Predicting the Occurrence of Hyaline Membrane Disease<sup>a</sup>

	L/S ratio <2	L/S ratio >2
No. of cases	14	128
Respiratory distress syndrome	6(42.9%)	1(0.8%)
False-negative rate	57.1%	—
False-positive rate	—	0.8%

\* From ref. 10.

er mun meira af sphingomyelini í legvökva, en um 30. til 32. viku er álíka mikil af báðum efnasamböndum, en um 34. til 35. viku eykst magnið af lecithini mun meira. Það hefur sýnt sig, að þessi rannsókn hefur reynst mjög vel til þess að segja fyrir um þroska lungnanna í fósturlífi. L/S hlutfall hærra en 2 þýðir, að lungun eru nógu þroskuð til þess að taka að sér það verkefni sem þeim er ætlað eftir fæðingu (sjá töflu 1).

### *Pathogenesis og pathophysiology*

Avery og Mead (1959) sýndu fram á það að lungu þeirra barna, sem fá þennan sjúkdóm höfðu mjög lítið af eða skorti algjörlega surfactant. Það er nú löngu almennt viðurkennt að þetta sé orsök sjúkdómsins. Prátt fyrir viðtækar rannsóknir, vitum við þó ekki enn í dag nákvæmlega hvað það er, sem gerist þegar sú atburðarrás er sett á stað, sem leiðir til skorts á surfactant og idiopathic respiratory distress syndrome. Sú spurning vaknar hvers vegna fá ekki allir fyrirburðir bennan sjúkdóm. Hér verður að hafa fyrst í huga að um er að ræða sjúkdóm, sem stafar af ófullnægjandi þroska lungnanna og getur hann verið mismunandi, frá einu barni til annars jafnvel þótt sami tími hafi liðið frá getnaði. Það má líka benda á það að I.R.D.S. er mun algengara hjá börnum, sem hafa liðið súrfenisskort

við fæðingu eða orðið fyrir öðru álagi svo sem shocki (blóðþrýstingsfalli) og er talið að hvort tveggja geti haft áhrif á myndun surfactants í yfirborðsþekju í alveoli, þannig að hún verði ófullnægjandi á fyrstu dögum ævinnar.

Eins og ég hef áður minnst á leiðir skortur á surfactant til þess að alveoli falla saman í útöndun, það verður vaxandi atelectasis (sammfall á lungnablöðrum). Þetta leiðir síðan til súrefnisskorts (hypoxia) og sýringar á blóði (acidosis), sem síðan hvort tveggja leiðir til minnkandi blóðrennslis til lungna, háræðaskemmda og exudationar á plasma inni í alveoli. Allt þetta veldur síðan truflun á starfsemi efnakljúfabrauta og þar af leiðandi ófullnægjandi myndunar á surfactant (sjá skema 2). Súrefnisskorturinn (hypoxia) er að mestu afleiðing af dreifðum atelectosum út um öll lungun. Þetta veldur því að stór hluti af því blóði sem fer í gegnum lungun, kemst ekki í snertingu við loftfyllta alveoli og hemoglobin gengur því ekki í samband við súrefni. Þetta er það sem kallað er ventilation perfusion ójafnvægi eða misräemi. Blóðgasmælingar sýna í upphafi metaboliska acidosu, er stafar af myndun mjólkursýru (lactic acid), sem myndast við kolvetna efnaskipti þegar ófullnægjandi súrefni er til staðar. Það er ekki fyrr en seinna í sjúkdómnum og einkum ef hann er mjög slæmur að þessi börn fá einnig respiratoriska acidosu, það er hækkun á hlutþrýstingi koltvísýrings ( $pCO_2$ ).

Respiratory acidosis stafar af hyperventilation, sem er afleiðing þess að lungu þessara barna eru mjög stíf.

### Tíðni og einkenni

Eins og áður er minnst á er þessi sjúkdómur algengasta dánarmein fyrirbura. Áreiðanlegar tíðnitölur eru fáar til, en meðfylgjandi tafla (Tafla 2) gefur nokkuð góða hugmynd um hversu algengur þessi sjúkdómur er. Það sem er einna athyglisverðast við þessa töflu er það að dánartíðni af völdum respiratory distress syndrome er miklu algengari hjá börnum, sem fædd eru með keisaraskurði, einkum ef að módir hefur ekki verið byrjuð í fæðingu þegar keisaraskurður er framkvæmdur. Skýringin á þessu er talin vera sú að áður en fæðing hefst hækkar cortisol magn í blóði hjá konum. Það er vitað að cortisol hefur áhrif á þroska lungnanna í þá átt að auka myndun á surfactant í alveolar typu II. frumum eða að auka losun hans út í alveoli. Ég mun minnast á

### SKEMA II




Figure 2. Cycle of events leading to respiratory failure in the respiratory distress syndrome.

þetta frekar í sambandi við meðferð.

Einkenni þessa sjúkdóms byrja oft strax eftir fæðingu, en stundum þó ekki fyrr en 2 til 3 klst. síðar. Helstu einkenni eru hröð öndun, stunur, innandrættir, blámi og nasavængjablakt og þurfa fjögur þau fyrst nefndu öll að vera til staðar til að hægt sé að gera þessa sjúkdómsgreiningu. Einnig er nauðsynlegt að taka röntgenmyndir af lungum og sýna þær sérkennandi breytingar fyrir sjúkdóminn, sem eru skýjuð lungu (ground glass útlit) og einnig er það sérkennandi að berkjur sjást greinilega loftfylltar (air bronchogram, sjá mynd).

## Meðferð

### 1. Hitakassi (incubator)

Nauðsynlegt er að setja þessi börn í hitakassa þegar í stað, vegna þess að þau hafa ekki getu til að halda líkamshita sínum innan eðlilegra marka við stofuhita. Stilla þarf hitagjafa kassans þannig að líkamshiti barnsins haldist milli 36,5 og 37 gráður á Cel-

cius. Við það hitastig er súrefnisnotkun barnsins minnst.

### 2. Súrefni

Öll börn með I.R.D.S. þurfa aukið súrefni í innöndunarlofti. Súrefnisgjöf þarf að vera nægjanleg til þess að halda súrefnisþrýstingi ( $pO_2$ ) í slagæða-blöði milli 50-80 mm. kvikasilfurs. Mjög nauðsynlegt er að fylgjast vel með súrefnisþrýstingi í blöði hjá þessum börnum og er því venjulega settur inn ósæðarleggur (arterial catheter) inn í naflaslagæð. Má síðan draga blöð frá honum til blöðgasamælinga eftir þörfum. Sé ekki möguleiki að koma ósæðarlegg inn um naflaslagæð má notast við háraðablöð. Oft er nauðsynlegt, einkum í byrjun sjúkdóms að fylgjast nokkuð oft með súrefnisþrýstingi í blöði, vegna þess að of lítill súrefnisþrýstingur getur vald-*id* heilaskemmdum og einnig versnandi einkennum sjúkdómsins vegna aukinnar sýrumyndunar í blöði (acidosis) og einnig vegna minnkandi blöðrásar um lungu. Of hár súrefnisþrýstingur í blöði getur hins vegar leitt til blindu.

### 3. Sýruba-sajafnvægi

Það er einnig mjög nauðsynlegt að fylgjast vel með sýruba-sajafnvægi hjá þessum börnum. Eins og ég minntist á að framan er mjög algengt að þau fái metaboliska acidosis og þarf þá að gefa þeim natrium bicarbonat í æð.

Pegar um mjög alvarlegan sjúkdóm er að ræða er einnig hætta á respira-

TABLE II. Relationship of gestational age, labour, route of delivery and deaths from hyaline membrane disease/1000 live births  
(After Fedrick & Butler, 1972)

Gestational age (weeks)	Abdominal deliveries		Vaginal deliveries
	No labour	Labour	
30-31	437	—	146
32-33	321	125	56
34-35	134	62	14
36-37	43	0	2
38-39	8	2	0.2
Over-all incidence/1000 live births	47.0	2.9	2.0

tory acidosis, p.e. hækkun á koldioxíði í blóði vegna hypoventilationar. Í því tilfelli getur verið nauðsynlegt að aðstoða við öndun með respirator.

#### 4. Öndunarhjálp

Upp úr 1960 var byrjað að nota öndunarvélar eða (respirators) í meðferð á respiratory distress syndrome. Í byrjun var mjög misjafn árangur af þessari meðhöndlun, en eftir því sem að menn hafa öðlast meiri reynslu hefur árangurinn farið batnandi. Pað eru einkum tvennis konar aðferðir sem að notaðar eru við öndunarhjálp hjá þessum börnum. Ég ætla fyrst að minnast á það sem kallað hefur verið continuous positive airway pressure, hefur sú aðferð einkum verið notuð til þess að auka súrefnisþrýsting ( $pO_2$ ) í blóði. Pessi aðferð byggist á því að barninu er gefin loft og súrefnisblanda sem leidd er í gegnum hringrás, sem barnið er tengt við með barkaslöngu eða litlum slöngum, sem settar eru í báðar nasir. Síðan er þannig um hnútana búið að þrýstingur í loftvegum í útöndun fer aldrei niður í O. Venjulega er þrýstingur stilltur á milli 5—10 cm. vatns. Tilgangurinn með þessu er sá að reyna að koma í veg fyrir að alveoli falli saman í útöndun og þannig gera súrefnisupptöku blóðs í lungum jafnari og betri. Pað hefur sýnt sig að þetta hefur reynst mjög vel og hefur valdið miklum framförum í meðferð á þessum sjúkdómi. Hin aðferðin er að nota

venjulega öndunarvél (respirator) þegar barnið sýnir merki þess að það geti ekki andað lengur af sjálfsdáðun. Venjulega er slíkri meðferð ekki beitt fyrr en astrupmæling sýnir að þrýstingur á koldioxíði í blóði er meira en 70 mm. kvikasilfurs og eða súrefnisþrýstingur ( $pO_2$ ) í blóði er lægri en 50 mm kvikasilfurs þegar gefið er 100% súrefni í innöndunarlofti.

#### Framtíðarhorfur í meðferð

Víðtækar rannsóknir á síðustu árum hafa leitt í ljós að flýta má fyrir þroska lunganna hjá fóstri með því að gefa móðurinni viss hormon og lyf og má þar meðal annars telja steroidea eða cortisol, thyroxin og einnig heroin og theophyllamin. Ég mun hér aðeins minnast lítillega á cortisol í þessu sambandi. Pað hefur verið sýnt fram á með tilraunum á kinda og kanínfóstrum að auka má myndun á surfactant með því að sprauta í þau cortisolí




Figure 2. Classical pattern of hyaline membrane disease in a 60 hour old premature infant. Reticulogranularity is prominent throughout both lungs and there are "air bronchograms" as well as air-filled bronchi seen on end, especially in the right upper lobe. Mild mesocardia is present.

og kemur þetta í veg fyrir að þau fái respiratory distress syndrome. Pessar tilraunir hafa einnig verið gerðar á mönnum og að því er virðist með góðum árangri, ef móður eru gefnir steroidar a. m. k. 24 klst. áður en barnið fæðist. Vekur þessi meðferð vonir um að koma megi í veg fyrir þennan sjúkdóm hjá flestum ef ekki öllum fyrirburum í framtíðinni ef hægt er að koma henni við í tíma.

### Gangur og horfur

Gangur sjúkdómsins er venjulega sá að ástand barnsins fer versnandi fyrstu 24—48 tímana, en upp úr því verður endurnýjun á yfirborðsþekju í lungunum og samfara því verður smásaman aukning á myndun surfactant. Það er nokkuð mismunandi hve bati er hraður og fer það mikil eftir hversu alvarlegur sjúkdómurinn er, en algengast er að börnin séu einkennalaus eftir um 5—10 daga frá fæðingu. Þegar um vægan eða í meðallagi alvarlegan sjúkdóm er að ræða er um fullkominn bata að ræða hjá þessum börnum og hefur verið sýnt fram á það með rannsóknunum á starfsemi lungna þessara barna, 5—10 árum eftir fæðingu að lungu þeirra eru algjörlega eðlileg. Prátt fyrir stórstígur framfarir á síðustu árum í meðferð á þessum sjúkdómi er dánartala þessara barna enn há, einkum hjá minnstu og minnst þroskuðu fyrirburunum. Algengasta dánarorsök þessara barna er heilablæðing. Einnig eru

ýmsar afleiðingar meðferðar, svo sem lungnaskemmdir af völdum súrefnis og einnig loftbrjóst, sem afleiðing meðferðar með öndunarvélum algengar dánarorsakir.

### Lokaord

Eins og ég sagði í upphafi er idiopathic respiratory distress syndrome afleiðingar af ófullnægjandi þroska lungnanna. Prátt fyrir aukinn skilning á orsökum þessa sjúkdóms og miklar framfarir í meðferð hans er hann enn stærsta vandamál sem við er að glíma í meðferð fyrirbura og veldur dauða tugþúsunda barna árlega. Framtíðartakmarkið hlýtur því að vera að koma í veg fyrir að börn fæðist fyrir tímann.

### Reference:

- 1) Hochheim K.; Über einige Befunde in den Lungen von Neugeborenen und die Beziehung derselben zur Aspiration von Fonchtivasser. Centralblatt fur Path. 14:537, 1903.
- 2) Johnson W. C. and Meyer, J. R. A study of pneumonia in the still-born and new-born. Amer J. Obstet. 9:151, 1925.
- 3) Faber, S., and Sweet, L. K. Amniotic sac contents in the lungs of infants. Am. J. Dis. Child 42:1372, 1931.
- 4) Miller, H. C., and Hamilton, T. R. The pathogenesis of the "veraux Menbrane". Relation to aspiration pneumonia in still-born and new-born infants. Pediatrics 3:735, 1949.

- 5) Charucock, E. L., and Doershuck, C. F. Developmental Aspects of the Human Lung. Pediatric Clin N-America. Vol 20. No. 2, p. 275, May 1973.
- 6) Cluck, L., and Kulovich, M. V. Fetal Lung Development Current Concepts. Pediatric Clinics N-America. Vol. 20. No. 2, p. 367 May 1973.
- 7) Spellacy, W. N., and Buhi, W. C. The Usefullness of amniotic fluid lecithin sphingomyelin ratio in predicting neonatal respiratory problems. South Med. J. 66, 1090—1093 1973.
- 8) Renfield, M. Respiratory Distress Syndrome. The Neonate, Donald S. Young and Jocelyn M. Hicks Eds. Ppbl. John Wiley and Sons, New York 1976.
- 9) Avery, M. E. Hyaline Membrane Disease. The Lung and its Disorders in The new-born, Eds. Avery and Fletcher. Publisher. W. B. Saunders Con. Philadelphia 1974.
- 10) Avery, M. E. and Mead, J. Surface properties in relation to atelectasis and hyaline membrane disease. Am. J. Dis. Child. 97:517, 1959.
- 11) Gregory et. al. Treatment of the idiopathic respiratory distress syndrome with continuous positive airway pressure. N. Engl. J. Med. 284 1333—1340 1975.
- 12) Howie, R. N. and Liggnis, G. C., Prevention of respiratory distress syndrome and in premature infants by antepartum glucocorticoid treatment. In Respiratory Distress Syndrome. C. A. Villec, D. B. Villee and J. Jicherman Eds. Academic Press Inc., New York N.Y. 1973 pp. 369-380.

# Nokkur orð um lekanda

Lekandi er álitinn elsti kynsjúkdómur, sem sögur fara af og þegar árið 2637 f. Kr. var honum lýst af kínverskum keisara. Löngum var áltið að hann væri eitt af einkennum sárasóttar, en um miðja 19. öld var tekið að greina milli þessara tveggja sjúkdóma.

Árið 1879 lýsti Neisser þeim lífverum, sem orsaka lekanda, Neisseria gonorrhoeae (gonokokkum) og stuttu síðar tókst Dananum Gram að lita þær. Það var svo árið 1885 að tilraunir Ernst von Bumm til að rækta gonokokka á tilbúnu æti báru árangur.

## Tíðni:

Erfitt er að áætla tíðni lekanda-sýkinga og er þar aðallega þrennt, sem veldur.

Í fyrsta lagi er skráningu tilfella mjög ábótavant, í öðru lagi eru um það bil 90% kvenna og 10% karla, er hafa lekanda einkennalaus og í þriðja lagi er erfitt að greina sjúkdóminn hjá konum við læknisskoðun

jafnvel þótt tekin séu sýni fyrir sýklarrannsókn. Pessir erfiðleikar á greiningu lekanda hjá konum koma greinilega í ljós, er athugaðar eru niðurstöður erlendra rannsókna, en þær sýndu að lekandi greindist hjá þrisvar sinnum fleiri körlum en konum.

Tíðni lekanda á Íslandi, hefur vaxið ört hin síðari ár, en mjög erfitt er að áætla heildarfjölda sýkinga af fyrrgreindum ástæðum.

Fjöldi sýna, er komið hafa á Rannsóknastofu Háskólans til athugunar á því, hvort um gonokokkasýkingu væri að ræða, hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum. Pessi aukning hefur verið tiltölulega jöfn frá ári til árs, þar til fyrstu sex mánuði ársins 1977, en þá bárust um 850 sýni, (þar af 133 jákvæð) sem er 90% aukning, miðað við sama tímabil ársins 1976.

Ástæðurnar fyrir þessari aukningu eru sennilega einkum tvær, aukning lekandatilfella og betri heimtur á sýnum. Fjöldi jákvæðra sýna hefur aukist í réttu hlutfalli við aukinn fjölda innsendra sýna, en það bendir til bess, að tíðni lekanda fari vaxandi. Betri heimtur á sýnum eiga sennilega rætur

sínar að rekja til aukins áróðurs fyrir því, að læknar sendi sýni til gonorokkaræktunar (m. a. með tilliti til penicillins ónæmis).

#### *Meðferð:*

Lækningar á lekanda urðu fyrst árangursríkar með tilkomu súlfalyfja, en gonokokkarnir urðu fljóttlega ónæmir fyrir þeim. Á síðari árum hefur hann verið meðhöndlalaður með penicillini og hefur það gefist vel, þótt þurft hafi að nota stærri og stærri skammta. Nú hafa aftur á móti verið einangraðir stofnar af gonokokkum, sem eru alveg ónæmir fyrir penicillini og hefur þá þurft að nota önnur sýklalyf. Pessir penicillin ónæmu stofnar hafa ekki enn verið greindir hér á landi, en tilvist þeirra í nálægum löndum eykur nauðsyn þess, að sýni séu send til ræktunar, svo hægt sé að gera næmispróf.

Ef lekandi er ekki meðhöndlalaður í tíma geta afleiðingar orðið mjög alvarlegar. Sem dæmi má nefna heilahimnubólgu, sýkingu í liðum, sýkingu í eggjakerfum, sem oft leiðir til ófrjósemi og sýkingu í augum kornabarna, er smitast hafa í fæðingu, en þar er afleiðingin blinda.

#### *Sýni:*

Til að athuga, hvort um sýkingu af völdum gonokokka sé að ræða eru tekin sýni til smásjárskoðunar og

ræktunar. Til dæmis strok frá þvagrás, leghálsi, endaþarmi, hálsi og augum, blóð, liðvökvi og mænuvökvi. Gonokokkar eru mjög viðkvæmar bakteríur og þurfa sýnin því að berast á rannsóknastofu til frekari meðhöndlunar sem fyrst og skal þess gætt að þau nái ekki að þorna upp eða verða fyrir miklum hitabreytingum á leiðinni þangað.

Sýnin þurfa að fara strax á æti og bezt er að það hafi ekki lægra hitastig, en sem nemur stofuhita. Einnig ber að strjúka þau út á gler fyrir smásjárskoðun, allavega þau sem tekin eru á pinna. Pessi gler eru þurrkuð, fixeruð í eldi og lituð með Gramlitun.

Víða er óhægt um vik að senda sýni til ræktunar, en vandalaust er að taka strok frá kynfærum, áður en meðferð er hafin og útbúa gler fyrir smásjárskoðun eins og lýst hefur verið og senda þau til rannsóknar (óliuð).

#### *Ræktun:*

Gonokokkar gera miklar kröfur til ætis og til þess að þeir nái að þrifast þarf það að hafa sýrustig 7.2—7.6 og innihalda kjötseyði, pepton, fosfatbuffer ásamt plasma og hemoglobini eða hituðu heilblóði. Flestar tegundir þurfa einnig glukósu, járnjónir og nokkrar þar að auki glutamine og cocarboxylasa.

Með því að bæta vancomycini, colisitini, nystatini og trimethoprim lactate í ætið, er svo komið í veg fyrir

vöxt flestra annarra bakteríutegunda og sveppa. Þetta æti nefnist Thayer Martin (TM) og er notað til að einangra gonokokka úr sýnum, þar sem búast má við blandaðri flóru t. d. í stroki frá þvagrás, leghálsi og endaparmi.

Gonokokkar vaxa bezt við 35—36°C og þurfa 2—10%  $\text{CO}_2$ . Vaxtartími úr sýninu getur verið allt að 48 klst.. Kóloníurnar eru glærar, nokkuð kúptar, oft örlistið slímkenndar og 1—2 mm í þv.m., en stærðin er háð tíma, æti og hve þéttur vöxturinn er. Gonokokkar hafa oxiderandi enzým (oxidasa), sem hægt er að nota til greiningar. Ef 1% vatnslausn af tetra-methyl-p-phenylenediamine dihydrochloride (oxidasa-reagens) er sett á gróður á skál verða kóloníurnar fyrst bleikar, en síðan purpurarauðar. Efnin ið drepur gonokokkana á fáeinum mínumítum, en breytir ekki lögun þeirra eða hæfni til að taka við Gram-litun. Allar tegundir af ættinni *Neisseria* ásamt nokkrum öðrum tegundum bakteria og sveppa hafa einnið oxidasa. Hins vegar vaxa þær oft illa á TM æti, þannig að glærar koloniur á TM, sem verða purpurarauðar, þegar á þær er settur oxidasa reagens, eru gramneikvædir diplokokkar og *eria* aðeins ólíkósu (án þess að framleiða loft) teljast vera gonokokkar.

#### *Smásjárskoðun:*

Gonokokkar taka vel við Gram-litun og litast þeir rauðir (eru gram-

neikvædir), liggja tveir og tveir saman (diplokokkar) og líkjast mest tveim kaffibaunum, sem snúa sléttu hliðunum saman. Pvermál þeirra er 0.6—1.0 mickron.

Í sýnum frá kynfærum er ekki nóg að sjá gram-neikvæða-diplokokka á við og dreif um glerið. Mestu máli skiptir að finna þá inni í segmentuðum leucocytum (hvítum blóðkornum) og þá ekki bara cinn og einn, heldur verða þeir að vera nokkrir saman innan frumuveggjanna. Tölverða æfingu þarf til að smásjárskoða gonokokkasýni því auðvelt er að rugla saman gonokokkum og ýmsum öðrum bakterium (staphylokokkum og gram-ncikvæðum stöfum) sérstaklega ef þær eru í skiptingu.

Varast ber að nota methylene bláma, því þá eykst þessi hætta að miklum mun.

Finnig geta gonokokkarnir sílfir örðið torkennilegir að lögun, ef um lyfjagið hefur verið að ræða fyrir sýnatöku.

#### *Tíulkun ramsókna:*

Eins og áður er komið fram byggist sýklafræðileg greining lekanda á smásjárskoðun og ræktun. Lagalega séð telst karlmaður hafa lekanda ef gramneikvædir diplokokkar sjást intracellulert í stroki frá þvagrás. Jafnvel þó svo að þeir ræktist ekki. Hjá konum nægir smásjárskoðunin ein hins vegar

ekki. Þar verða gonokokkar að hafa ræktast til að sannað sé að um lekanda hafi verið að ræða.

#### *Framtíðin:*

Tiltölulega litlar framfarir hafa átt sér stað í úrvinnslu og meðferð gonorokka á rannsóknastofum síðan laust fyrir 1900. Blóðvatnspróf hafa reynst frekar haldlítil og brugðist vonum manna. Það er helst við gerð ætis, sem einhverjar framfarir hafa átt sér stað.

Rétt fyrir 1960 kom fram ný aðferð við greiningu gonokokka, svonefnd Fluorescent antibody-aðferð. Hún flýtir rannsókninni og veitir meira öryggi, en hefur enn sem komið er ekki verið notuð hérlandis. Síðustu fregnir herma svo, að nú hilli undir það að hægt verði að bólusetja gegn lekanda.

*Erla Sigvaldadóttir,  
Anna Sigfúsdóttir,  
Sigfús Karlsson.*

# Rannsókn á blóði í saur

Eitt algengasta, handhægasta og næmasta próf sem notað hefur verið almennt á rannsóknastofum til að rannsaka blóð í saur er Benzidin prófið.

Fyrir um það bil ári síðan var Benzidin tekið af heimsmarkaðnum vegna þess að það var talið krabbameinsvaldur og er nú hvergi hægt að fá það keypt.

Árið 1967 var bannað að framleiða og nota Benzidin í Englandi eftir að skýrslur lágu fyrir um að 22% af þeim, sem fengust við framleiðslu á Benzidini fengu krabbamein í þvagblöðruna.

Í janúar 1975 var sett á bann um framleiðslu og notkun á Benzidini í Svíþjóð.

Læknarnir Jan H. Dybdahl og Henrik Andersgaard við Ullevål sjúkrahúsið í Noregi hófu á síðasta ári notkun á prófi fyrir blóði í saur, sem er jafn handhægt og áreiðanlegt og Benzidin prófið er.

Prófið heitir Diphenylamin og hef-

ur þá kosti fram yfir Benzidin prófið að það er ekki alveg eins næmt.

Sjúklingar þurfa ekki að vera á sérstöku fæði að því undanskildu að þeir mega ekki borða lifur, nýru, blóðmör né léttsteikt kjöt meðan á prófinu stendur, en þetta hefur alltaf gilt fyrir allar rannsóknir, sem gerðar hafa verið til þess að rannsaka blóð í saur, sama hvaða aðferð hefur verið notuð.

Rannsóknastofa Landspítalans eins og rannsóknastofur annars staðar hefur lengi átt í erfiðleikum með að finna próf sem gæti komið í staðinn fyrir Benzidin prófið. Við höfum notað Hemoccult slide (quajac) en samkvæmt reynslu okkar og annarra er það ekki nógum næmt.

S. 1. 3 ár hefur rannsóknastofa Landspítalans notað Hematest en það er bæði of næmt og óáreiðanlegt t. d. gefur bananaát falskt positivt svar svo og járnfumarate og járncarbonat.

Með Diphenylamin prófinu hefur ekki komið í ljós að meðul og fæðutegundir aðrar en þær sem nefndar

hafa verið gætu gefið falskt positivt svar.

Norsku læknarnir Dybdahl og Andersgaard gerðu samanburð á næmi Diphenylamin, Benzidin og Hemocult prófunum, og voru af 100 prufum:

59.5% Benzidin positivar  
46.0% Diphenylamin positivar  
17.5% Hemoccult positivar.

Í samanburði á næmi Hematest prófsins og Diphenylamin prófsins fengum við hér á Landspítalanum af 100 prufum:

77.0% Hematest positivar.  
27.0% Diphenylamin positivar.

Hér ber að hafa í huga, við niðurstöður úr rannsóknum okkar á Landspítalanum, að fæstir vita samkvæmt upplýsingum hjúkrunarfólks legudeilda, að bananaát svo og fyrrnefnd járnambönd gefa falskt positivt svar með Hematest. Meðan þessar rannsóknir fóru hér fram komust við að raun um að járn tartrat gaf einnig falskt positivt svar með því prófi.

Diphenylamin prófið grundvallast á því sama og Benzidin prófið, Quajac prófið og fleiri svipuð próf, að hemoglobin og niðurbrot þess verkar eins og peroxidasi. Þegar  $H_2O_2$  er til staðar oxyderast kromogen þannig, að afleiðingin verður litamynđun.

Litasvörur á blóðmagni í saur með

Diphenylamin prófinu er mjög greinileg og er gefin upp í plúsum.

(+), +, ++, +++,  
(+) vottur = ljós-fjólublár litur,  
+ dálítið = fjólublátt,  
++ mikið = dökk-fjólublátt,  
+++ mjög mikið = svar-fjólubl.

Alls gerðum við rannsóknir á 200 sýnum. Við sáum ekki ástæðu til að rannsaka fleiri.

Við lögðum til að Diphenylamin prófið yrði strax tekið upp hér á rannsóknadeild Landspítalans og samanburðar-rannsóknunum, sem læknarnir Dybdahl og Andersgaard gerðu, yrði treyst.

Einnig að strax yrði hætt við Hematest prófið, með hlíðsjón af niðurstöðum þeim, sem við fengum á samanburði á því við Diphenylamin prófið.

*NB: Öll svörur með Diphenylamin er marktæk:*

Frá og með 1.12. '76 var Diphenylamin prófið tekið í notkun hér á Landspítalanum í samráði við Bjarna Þjóðleifsson og fleiri sérfræðinga spítalans.

# Um megrun

---

## Inngangur

Hvenær er maður of feitur? Yfirleitt er talað um *kjörþyngd* — þann líkamsþunga, sem gefur kjörheilsu — og *raunþyngd*, þ. e. raunverulega líkamsþyngd. Yfirleitt er talið æskilegast að raunþyngd sé sú sama og kjörþyngd við 25—30 ára aldur. Eftirfarandi tafla (1) sýnir kjörþyngd karla og kvenna eftir hæð:

TAFLA 1

Hæð (sm)	Kjörþyngd karla (kg)	Kjörþyngd kvenna (kg)
152		49,5 ± 4
158		52,2 ± 4
163	60,5 ± 5	55,5 ± 5
168	64,5 ± 5	58,6 ± 5
173	68,6 ± 6	61,8 ± 5
178	72,3 ± 6	65,5 ± 5
183	75,9 ± 7	69,0 ± 5
188	79,5 ± 7	
193	82,7 ± 7	

Pessar tölur ber að líta á sem meðaltöl. Kjörþyngd hvers einstaklings

innan þeirra marka, sem gefin eru fer eftir beinastaerð. Og auðvitað er yfirleitt aðalatriðið að losna við fitu af óæskilegum stöðum á líkamanum. Pess vegna verður að nota þessi gildi aðeins sem viðmiðun.

En hvernig skilgreinum við offitu? Yfirleitt er sagt, að sá, sem vegur um 15% yfir kjörþyngd sé haldinn vægri offitu. Fari þetta hlutfall yfir 25% er talið um verulega offitu. Á nýlegri ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar kom fram, að um 35% allra íslenskra karla á aldrinum 34—61 árs eru of feitir. Sambærilegar tölur um konur hafa ekki verið birtar, en ætla má, að þar sé þetta hlutfall tæplega miklu lægra.

Hvenær verður fólk of feitt? Yfirleitt er talað um, að offita ágerist að-allega hjá fólkí á miðjum aldri, enda þótt hún geti náð yfirhöndinni á hvaða æviskeiði sem er. Mynd 1 sýnir vel, að hjá íslenskum körlum um þessar mundir er aldursskeiðið frá 20—40 ára aldri hættulegasta tímabilið. Myndin sýnir vel hvernig líkamsþunginn heldur áfram að aukast eftir að einstaklingarnir eru hættir að vaxa og

hækka og nær hámarki um hér um bil 37 ára aldur. Sambærilegar tölur eru enn ekki til fyrir konur, en þó má ætla, að þar sé ástandið ekki ósvipað.

En hvers vegna verður fólk of feitt? Til þess að skoða þetta nánar er best að líta á þetta út frá orkubúskapnum. Til þess að maður haldi stöðugri líkamsþyngd verður eftifarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

### H.E. INN = H.E. ÚT → ENGIN (Neysla) (Brennsla) BREYTING Í PYNGD

Pegar þær hitaeiningar sem við neytum í fæði samsvara nákvæmlega þeim hitaeiningum, sem við brennum stendur líkamsþyngdin í stað. Það er auðvitað fyrst og fremst tvennt, sem getur valdið því, að þetta hlutfall raskast: (a) með því að auka neysluna og (b) með því að draga úr brennslunni. Brennsluhraðinn fer auðvitað eftir því hversu hratt „vélín“ gengur. Með því að hreyfa okkur, stunda úti-vistir o. fl. hækkar brennsluhraðinn.


Ýmislegt bendir til þess að offita stafi ekki síst af hreyfingarleysi eða of lítilli hreyfingu. Það virðist sem viss áreynsla og líkamsrækt sé nauðsynleg til þess að matarlystin sé í eðlilegu samræmi við þarfir okkar. Dýratílraunir þar sem tilraunadýr eru geymd í þróngum búrum, sem skerða athafnafrelsið sýna, að þetta ástand leiðir til fitusöfnunar og offitu ef fæðuframboðið er nægilegt.

Yfirleitt brennir fullorðinn karl-

maður, sem hreyfir sig lítið, um það bil 2000 H.E. á dag. Ef hann vinnur hins vegar léttu vinnu hækkar þetta hlutfall í um 2500 H.E. Sá, sem vinnur líkamlega erfiðisvinnu brennir hins vegar um og yfir 4000 H.E. yfir daginn.

Hvað er hægt að léttast ört í megrunarkúr? Oft heyrir talað um 5—10 kg fyrstu vikuna. Rétt er að benda á, að þegar þetta gerist er ekki um að ræða fitutap einungis, heldur fyrst og fremst vatnstap. Auðvelt er að sýna fram á þetta með einföldum útreikningi. Ef gert er ráð fyrir að 1 kg af fituvef samsvari 7000 H.E. myndi 5—10 kg léttning jafngilda 35—70 þús. H.E. Þetta er hins vegar miklu meira en nemur *allri* neyslu fullorðins karlmanns í eina viku. Með öðrum orðum, enda þótt viðkomandi fastaði algerlega myndi hann aldrei geta losnast við svona mikið af fituvef. Ástæðan fyrir því að fólk léttist þó stundum svona mikið fyrstu vikuna stafar af tvennu. Í fyrsta lagi brotnar glýko-

Mynd 1 Meðalþyngd íslenskra karla á aldrinum 20 – 61 árs



gen lifrar niður og talsvert af vatni tapast þá líkamanum um leið. Auk þess er algengt, að of feitt fólk hafi lifað á hvíturýrri fæðu og hafi því bjúgur myndast t. d. á útlínum. Með því að borða sæmilega eggjahvítauauðugt megrunarfæði hverfur bjúgurinn og getur þetta orsakað verulega léttingu.

Er hættulegt að vera of feitur? Ekki er auðvelt að svara þessari spurningu, en því er þó ekki að leyna, að yfirleitt minnka ævilíkurnar verulega eftir því sem menn fitna meira. Sem dæmi má nefna, að útreikningar Metropolitan Life Insurance Company sýna, að 45 ára gamall maður, sem vegur 12 kg yfir kjörþyngd skerðir með því ævilíkur sínar um 25%. Fyrir konur er þetta hlutfall eitthvað lægra.

Offita skapar margs konar hættur og vandamál. Beinagrind okkar hentar ekki vel til þess að bera aukahlass. Ilsig og önnur óhægindi eiga oft rætur að rekja til offitu. En einnig eykst verulega hættan á ýmsum hrörnunar-sjúkdómum, þ. á m. sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, háþrýstingi, gallsteinum o. fl. Offita eykur og hættuna samfara uppskurði. Auk þess skapar hún ýmis félagsleg vandamál.

*Hvernig fer maður að því að grenna sig?*

Óteljandi eru þær formúlur, sem hafa verið hafðar á boðstólunum fyrir það fólk, sem hyggst grenna sig. Yfir-

leitt eru þessi meðul gagnslítil og geta gefið fólkí alranga hugmynd um það hvað felst í því að megra sig. Pannig er oft auglýst að maður geti étið nært ótakmarkað af einhverju megrunarfæði. Þetta gæti hugsanlega verið rétt, ef hún inniheldur fyrst og fremst næringarsnauð fylliefni eins og sellulósa. Gallinn er sá, að fæðutegundir af þessu tagi eru yfirleitt dýrar, leiðigjarnar og ógirnilegar. Megrunarkúr verður fyrst og fremst að vera upphafið að bættum neysluvenjunum þess, sem hyggst grenna sig. Pannig er það umfram allt breyting á mataráði í átt til meiri fjölbreytni og hófsemi í notkun orkuríkra fæðutegunda, sem verður að vera undirstaðan.

Margir kvarta yfir því, að nú sé það orðið fátt, sem maður má borða svo vel fari. Þetta er auðvitað ekki rétt, þar sem það er einmitt í átt til meiri fjölbreytni, sem fæðuval okkar þyrfti að beinast. Hinu er ekki að neita, að fyrir þann, sem ætlar að grenna sig eru mörg matvæli, sem æskilegt væri að sneyða að töluverðu leyti eða alveg hjá. Eftirfarandi tafla 2 sýnir hvaða matvæli ber/ber ekki að nota í þessum tilgangi.

Mikið er rætt um að auka þurfi fjölbreytni í mataráði fólks. Hvað er átt við með þessu? Best er að skipta öllum fæðutegundum niður í fjóra meginflokkka. Mikilvægt er að neyta afurða í öllum þessum fjórum flokkum. Pannig er skynsamlegt að byggja megrunarfæðið upp á einhverju ákveðnu neyslumynstri, sem er miðað við þessa fjóra fæðuflokkka. Dæmi um

slíkt mynstur er sýnt í töflu 3.

Eins og kemur fram í töflu 3 gefur þetta megrunarfæði um það bil 1200 H.E. Auðvelt er að margfalda hvern einstakan lið með t. d. 1,5, tveim, o.s. frv. Auk þess er gert ráð fyrir því, að ekki sé alltaf sama fæðutegund innan hvers fæðuflokks notuð, t. d. ekki alltaf undanrenna, heldur einnig skyr, mysa. Feitari mjólkurafurðir ber að nota í hófi, en þær þurfa þó alls ekki að vera útilokaðar. Aðalatriðið er að hafa auga með heildarfjölda hitaeininga.

Sá, sem er meir en 15% yfir kjörþyngd, eða er meira en 10% yfir kjörþyngd og hefur einhver hættumerki eða einkenni hjartasjúkdóms, ætti að íhuga megrun. Eftirfarandi reglur henta ágætlega.

#### (a) *Reiknaðu kjörþyngd þína*

Flettu upp á bls. 18 (tafla 1) og reiknaðu nokkurn veginn út kjörþyngd þína. Ef þú ert í meðallagi beinastór taktu meðalgildið, en efra eða neðra gildið ef þú ert beinastór eða beinasmár eftir atvikum.

#### (b) *Reiknaðu kjörneylsru þína*

Notaðu eftirfarandi jöfnur til þess að reikna úr kjörneylsru þína, en það er sú orkuneysla/dag, sem gerir þér kleyft að viðhaldá nokkurn veginn stöðugri þyngd:

Ef þú hreyfir þig lítið: Kjörneysla = (kjörþyngd í kg) x (33)

Ef þú hreyfir þig mikið: Kjörneysla = (kjörþyngd í kg) x (44)

## TAFLA 2

*Nokkrar fæðutegundir, sem henta/henta ekki við megrun*

### *Fæðutegundir, sem henta vel*

Tærar súpur  
Te og kaffi  
Undanrenna, skyr og mysa  
Nýir ávextir  
Garðávextir (m. a. kartöflur og grænmeti)  
Magurt kjöt (soðið, glóðarsteykt)  
Hvítur fiskur (soðinn, glóðarsteyktur)  
Orkurýrir eftirréttir  
Aðrar fitu og sykursnauðar afurðir

### *Fæðutegundir, sem henta ekki vel*

Gosdrykkir og maltöl og sykraðir duftdrykkir (t. d. kakómalt)  
Sæt vín  
Hnetur, þurrkaðir ávextir  
Sykur og sælgæti  
Feitt kjöt og djúpsteykt kjöt  
Mjög feitur fiskur og djúpsteyktur fiskur  
Sykur og fituauðugir eftirréttir og kökur  
Fita, rjómi, olíur, ostar og olíusósur

## TAFLA 3

### *Neyslumynstur fyrir megrunarfæði*

#### *Mjólkurafurðir*

2 glös undanrenna eða samsvarandi skammtur af mjólkurafurðum

H.E. % H.E.

200 17

#### *Fisk- og kjötafurðir*

150 g fiskur eða magurt kjöt eða þá 100 g af kjöti eða fiski + eitt egg

350 30

#### *Grænmeti og ávextir*

2 (eða fleiri) skammtar af ávöxtum, t. d. lítið epli, lítil appelsína, lítil pera, hálfur lítill banani, tveir tómatar, tvær döðlur eða ein gráfíkja. Allt gefur þetta um 50 H.E. hver skammtur

100 9

2 (eða fleiri) skammtar af grænmeti um 20—40 H.E. hver a.m.k. einn skammtur verður að koma úr dökkgrænum blöðum. Athugið, að hvorki baunir, mæs eða kartöflur eru taldar með í þessum flokki

75 6

#### *Kornmeti*

3—4 skammtar af brauði úr heilu korni. Í þessum flokki einnig taldar kartöflur; baunir og mæs. Einн skammtur gefur 60—80 H.E. og gæti verið ein brauðsneið, kexkaka, hálfur bolli af kornflögum, spaghetti, lítil kartafla o. fl.

250 21

#### *Fita*

3—4 litlir skammtar af feiti, um 50 H.E. eða sem svara til  $\frac{1}{2}$  matskeiðar af hreinu feitmeti hver, t. d. smjör, smjörlíki, olíur o.s. frv. eða 2 matsk. rjómi

200 17

---

1175 100

---

Til viðbótar má drekka te og kaffi eftir óskum hvers og eins og eins mikið af vatni og viðkomandi æskir.

(c) *Reiknaðu raunneyslu meðan á megrun stendur*

Til þess að ákveða hvað þú ætlar að borða mikið á meðan á megrun stendur skaltu reikna með að borða 500—1500 H.E. minna en sem nemur kjörneyslu. Ef þú hefur fram til þessa hreyft þig lítið er best að auka líkamsrækt og borða aðeins 500—1000 H.E. undir kjörneyslu. Ef þú ert aftur á móti í góðu „formi“ skaltu

leggja aðaláhersluna á fæðið og borða þá 1000—1500 H.E. undir kjörbyngd.

Ekki er æskilegt að léttast hraðar (eða hægar) en 0,5—1,5 kg á viku. Með því að borða um 1000 H.E. undir kjörneyslu og auka eitthvað hreyfingu og útivistir geturðu búist við að tapa um 1 kg á viku. Að síðustu er gott að hafa í huga, að eitt veislukvöld getur auðveldlega gert mánaðar megrunarkúr að engu.

# Um starfsemi Lungnarannsóknastofu Landspítalans

Lungnarannsóknastofa Landspítalans hóf starfsemi sína árið 1973 að tilstuðlan Snorra Ólafssonar, sem þá var starfandi við spítalann. Frá upphafi hefur rannsóknastofan verið vel búin tækjum, en ekki starfsfólki því samsvarandi. Full tækjanýting hefur þar af leiðandi ekki getað orðið enn sem komið er, en nú er kappsamlega unnið að því að svo geti orðið og allar helztu lungnarannsóknir verði gerðar þar í framtíðinni.

Við rannsóknastofuna starfar nú einn lungnasérfræðingur, Tryggvi Ásmundsson, sem veitir henni forstöðu og tveir meinatæknar sérhæfðir í lífeðlisfræði.

Hér á eftir verður stuttlega greint frá starfsemi rannsóknastofunnar og þeim mælingum sem þar fara fram. Í grófum dráttum má skipta starfseminni í fjóra þætti:

- 1) Blóðgasmælingar á slagæðablóði.
- 2) Öndunarpróf (spirometri).
- 3) Áreynslupróf.
- 4) Umsjá og viðhald öndunarvélá (respiratora).

Síðastnefndi þátturinn er venjulega ekki starf meinatækna, en við höfum orðið að sinna því þar sem sérmenntað fólk til þeirra starfa er ekki til hér á landi. Verður ekki farið nánar út í þennan þátt starfseminnar í þessari grein.


## 1) Blóðgasmælingar á slagæðablóði.

Á Lungnarannsókn hafa reglulegar mælingar á blóðgösum verið gerðar í tæplega eitt ár, þ.e. frá ágústlokum 1976. Tilgangur með mælingum blóðgasa er einkum tvíþættur, þ.e. að mæla síru-basa jafnvægi og loftskipti lungnanna. Í slagæðablóði er mælt eftirfarandi:

pH: sýrustig  
pCO<sub>2</sub>: hlutþrýstingur koldíoxíðs  
pO<sub>2</sub>: hlutþrýstingur súrefnis  
SO<sub>2</sub>: súrefnismettun  
HCO<sub>3</sub><sup>-</sup>: bikarbonat

Þrjú fyrstnefndu gildin mælum við beint, þ.e.a.s. við fáum beinan aflestur þeirra af blóðgastækinu. SO<sub>2</sub> lesum við út frá pO<sub>2</sub> af mettunarkúrfu


súrefnis í hemoglobini, og bikarbonat er reiknað út frá pH og pCO<sub>2</sub> á Sigard-Anderson nomogrami.



Margrét við mælingu blóðgasa

Venjulegast eru slagæðablóðgös dregin þegar grunur leikur á að sjúklingur hafi skerta lungna- og/eða hjartastarfsemi og þjáist e.t.v. af súrefnisskorti. Lungnasjúkdómar eins og asthama, bronshitis og lungnaþemba eru langvinnir og erfíðir viðfangs og sjúklingar oft á súrefnismeðferð. Er þá mæling blóðgasa þýðingarmikill þáttur til að fylgjast með að nægilegt súrefni sé gefið og einnig til að meta sjúkdóminn almennt. Blóðgasmælingar á slagæðablóði eru í mörgum tilfellum mjög bráðar, þar sem niðurstöður geta ráðið úrslitum um hvort viðkomandi sjúklingur þarf á súrefnismeðferð að halda eða jafnvel öndunarvél. Stilling öndunarvélanna ákvarðast einnig af niðurstöðum blóðgas-

mælinga, verður því oft að hafa hraðann á svo að vel megi takast. Árlega fæðast hér á landi tugir fyrirburða með vanþroska lungu, og líf þeirra veltur oft á tveggja til þriggja sólarhringa súrefnismeðferð í öndunarvél. Á þessu einu sést hversu mikilvægar blóðgasmælingar eru. Til gamans má geta þess, að á þessum rúmu 10 mánuðum hafa 2298 blóðgös verið mæld á Lungnarannsókn, þar af 812 frá vökuðeild, þar sem fyrirburðir eru til meðferðar.




Sjúklingur í öndunarprófi

## 2) SPIROMETRI.

Spirometri er eins og orðið gefur til kynna öndunarmæling, þar sem sjúklingur andar inn í lokað kerfi, sem síriti er tengdur við. Unnt er að mæla margar mismunandi lungnastærðir, með ýmiss konar aðferðum.

## RESPIRATION



Slíkar mælingar gefa okkur staðgóðar upplýsingar um hvernig og í hversu miklum mæli öndunargeta er skert. Í spirometri mælum við eftirfarandi lungnarúmmál:

VC: Vital capacity

FVC: Forced vital capacity


FEV<sub>1</sub>: Forced vital capacity eftir 1 sekúndu

FEV %: Hlutfallið FEV<sub>1</sub>/FVC

MVV<sub>F</sub>: Maximal voluntary ventilation

VC er mismunur á lungnarúmmáli við mestu inn- og útöndun. Þá andar sjúklingur rólega eins djúpt að sér og hann getur og síðan frá sér eins og hægt er (statisk öndun).


FVC er sama stærð og VC að því undanskildu að útöndunin er „forceruð“, þ.e. sjúklingur andar inn eins djúpt og hann getur, heldur andanum augnablik og andar svo eins hratt frá sér og hann getur (dynamisk öndun). Í fljótu bragði væri hægt að ímynda sér að þessar tvær stærðir VC og FVC væru alltaf þær sömu, en svo þarf þó ekki að vera. T.d. hafa asthamasjúklingsar aukna móttöðu í loftvegum, sem gerir þeim ókleift að anda hratt að sér og frá. Við hæga öndun, þegar VC er mælt, er loftmótstaðan minni heldur en þegar andað er hratt. Þannig getur asthamasjúklingur haft eðlilegt VC en skert FVC.



Sigríður við útreikninga á öndunarprófi

FEV<sub>1</sub> er það rúmmál lofts sem sjúklingur getur andað frá sér á 1 sekúndu. Þessi stærð er ákaflega mikilvægur þáttur öndunarprófsins. Minnkad FEV<sub>1</sub> getur verið af tveimur ólíkum

orsökum, eins og fyrr segir, af aukinni loftmótstöðu (obstruction) og vegna minnkaðrar útþennslugetu lungna (restriction). Í seinna tilfellinu er hið lága FEV<sub>1</sub> bein afleiðing minnkaðs VC, þ.a.l. er hlutfallið FEV/FVC eðlilegt. (Sjá línurit).



Pegar í ljós kemur að sjúklingur hefur obstruction, sem einhverju nemur, er reynd berkjuvíkkandi úðun, sem í mörgum tilfelli minnkast obstruction. MVVF segir okkur til um öndunargetu þ.e. hversu mikil sjúklingur getur andað á tímaeiningu. Þá andar sjúklingur eins hratt og hann framast getur í 10-15 sekúndur. Pessi

mæling heimtar mjög góða samvinnu sjúklings og reynist hún asthamasjúklungum oft æði strembin.

### Áreynslupróf.

Hjá mörgum sjúklingum koma sjúkdómseinkenni ekki fram nema við líkamsáreynslu. Einn þáttur til að rannsaka sjúkdóma af þessu tagi eru svokölluð áreynslupróf. Með þeim eru ákvörðuð lífeðlisfræðileg vinnuafköst einstaklinga.

Tilgangur með áreynsluprofi er fjórþættur:

- 1) Að greina kransæðasjúkdóma.
- 2) Að rannsaka lífeðlisfræðileg vinnuafköst sjúklinga, sem hafa grunðan hjarta- eða lungnasjúkdóm.
- 3) Að ganga úr skugga um að öndunar- og blóðrásarkerfi starfi nægilega vel til að sjúklingur þoli svæfingu í meiriháttar aðgerðum.
- 4) Að meta örorku.

Algengasta aðferðin til að mæla vinnuafköst er að láta sjúkling hjóla á ergometer-hjóli (ergo=orka). En það hefur innbyggt álag, sem er á bilinu 0-400 wött (1 watt =  $1.3 \times 10$  hestöfl). Unnt er að ráða álaginu hverju sinni, og er það ákveðið á eftirfarandi hátt:

### I. Sjúklingar.

0- 6 mín	150 kpm/mín	25 wött
6-12 mín	300 kpm/mín	50 wött
12-18 mín	450 kpm/mín	75 wött

### II. Konur.

0- 6 mín	200 kpm/mín	35 wött
6-12 mín	400 kpm/mín	70 wött
12-18 mín	600 kpm/mín	100 wött

### III. Karlar.

0- 6 mín	300 kpm/mín	50 wött
6-12 mín	600 kpm/mín	100 wött
12-18 mín	900 kpm/mín	150 wött

### IV. Mjög vel þjálfað fólk.

0- 6 mín	400 kpm/mín	65 wött
6-12 mín	800 kpm/mín	130 wött
12-18 mín	1200 kpm/mín	200 wött

(Kpm = kolopondmeter, kilopond  
= kilogrammeforce meter, Kgfm)

Áreynsluprofið hefst með því, að tekið er hjartalínurit og mældur blóðþrýstingur hjá sjúklingi, fyrst liggj-

andi og síðan standandi. Þá byrjar sjúklingur að hjóla, tengdur við hjartalínuritann. Í fyrstu er álagið á hjólinu tiltölulega lítið, en það er síðan aukið á sex mínumára fresti, eins og sést í töflunni hér að framan. Hjartalínurit er skráð á tveggja mínumára fresti, meðan á áreynslu stendur. Strax að áreynslu lokinni er mældur blóðþrýstingur og tekið hjartalínurit og það svo endurtekið fimm mínumárum eftir áreynslu.

Hér er um að ræða hámarks þrekpróf og sjúklingur heldur áfram að hjóla uns hann gefst upp vegna þreytu, mæði eða af öðrum orsökum.

Stöðva ber áreynsluprofið ef:

- 1) Sjúklingur fær hjartverk (angina pectoris), andþrengsli, eða önnur óþægindi.
- 2) Fram koma alvarlegar EKG-breytingar.
- 3) Fram koma alvarleg aukaslög eða aðrar hjartsláttartruflanir.

Mat á þolprófi felst í afköstum, púlshraða, blóðþrýstingi og túlkun hjartarita.



Prír fundir hafa verið haldnir í deildarstjórn meinatæknadeilda Tækni-skólans það sem af er þessu ári. Í deildarstjórninni eru nú eftir-taldir aðilar: Bjarni Kristjánsson rektor Tækni-skólans — Davið Daviðsson, Eggert Ó. Jóhannsson og Ólafur Bjarnason, en þeir eru yfirmenn rann-sóknastofa heilbrigðisstofnananna, sem annast síðari hluta menntunar meinatækna, þá er Guðrún Árnadóttir fullrúi Meinatæknafélags Íslands.

Sumarið 1976 var gefin út ný reglugerð um meinatækna nr. 186/1976 í stað þeirrar eldri nr. 180/1973. Reglugerð þessi var gefin út án nokkurs samráðs við Tækni-skólanne eða Meinatæknafélagið, en samkvæmt henni er heilbrigðisráðuneytinu veitt heimild til að veita ófaglærðu fólk takmörkuð og/eða tímabundin starfs-rettindi sem meinatæknir. Eins og gefur að skilja er erfitt fyrir félagið og skólanne að sætta sig við slík vinnu-brögð og á fundi deildarstjórnar þann 19. janúar s.l. sendi hún heilbrigðis-

ráðuneytinu bréf, þar sem lýst var ó-ánægju skólans með aðgerðir þessar og beðið um svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða ástæður lágu til þess að ný reglugerð um meinatækna var gefin út s.l. sumar?
- Hverjur voru ráðgjafar ráðuneyti-sins við gerð þessarar reglugerðar?

Síðast er fréttist höfðu engin svör borizt við bréfi þessu.

Um menntun meinatækna er fátt nýtt að segja. Eins og kunnugt er, er fyrri hluti námsins skóli frá 1. sept. til 31. maí. Miðsvetrarpróf voru haldin fyrir jól og vorpróf í maímanuði. Fullnægjandi árangur á prófi er á hverjum tíma skilyrði fyrir áfram-haldi námsins. Einkunnakröfur á fyrri og síðari hlutaprófi eru: Meðaltal allra einkunna a.m.k. 5.0 og engin einkunn lægri en 3. Notaðar eru heil-

ar tölur frá 0-10. Á fundi deildarstjórnar, sem haldinn var í maí s.l., var kynnt uppkast að nýrri reglugerð um Tækni-skólanum. Þar sem málið var ekki fullfrágengið á þeim tíma, er lítið hægt að skíra frá því á þessu stigi málsins. Fyrirhugað er að skipta náms-áföngum upp í einingar á hverri önn og eru einingarnar samræmdar fyrir alla nemendur skólans, en hver deild tekur svo mismargar einingar í hverju fagi eftir eðli námsins.

Síðari hluti námsins er verkskóli í völdum sérgreinum á rannsóknastofum Landspítalans og Borgarspítalans svo og á Rannsóknastofu Háskólangs við Barónsstíg. Þessi hluti er með fræðilegu ívafi í formi fyrirlestra og tekur yfir tímabilið 1. sept. til 30. sept. næsta ár (13 mánuð). Próf eru bæði fræðileg og verkleg í hverri sérgrein. Pennan tíma fá nemendur 60% af byrjunarlaunum meinatækna þá hafa og fengist námslán á fyrra námsárinu frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Pær raddir hafa oft heyrzt innan vélbanda meinataekna að lengja beri námið og bæta það á sem flestan hátt og var nokkuð um ýmsar tillögur þar að lútandi á deildarstjórafundi síðasta vor. Meðal annars var rædd sú hugmynd að síðari hluti námsins, sá verklegi, hæfist strax að loknum vor-prófum fyrri hluta og lengdist þá námið þannig að það samsvaraði þriggja vetrar námi. Ennfremur hefur komið fram sú hugmynd að fella niður laun þau sem eru á seinni hluta að öllu leyti. Nytu þá nemar námslána allan tímann og verklega kennslan

tæki trúlega framförum. Er mjög brýnt, að Meinatæknafélagið í heild myndi sér ákveðnar skoðanir um skólamál sín og komi fram með gagnlegar tillögur um þau efni er stuðla að betri og meiri menntun félagsmanna. Má þá ekki gleyma nauðsyn þess að hafa upp á einhverskonar endurmenntun að bjóða svo og framhaldsmenntun fyrir þá er þess óska.

Pá er og brýnt að kennslustofnunar, sem taka við seinni hluta nemendum fái viðurkenndar stöður fyrir kennslumeinatækna.

Hafa ber í huga, að allar breytingar í kennslumálunum þurfa sinn að lögunar og undirbúningstíma og því fyrr sem félagið hugar að skólamálum sínum í fullri alvöru því betra.

*Guðrún Árnadóttir.*

## FRÆÐSLUNEFND

Fræðslunefnd var skipuð eftirtöldum meinataeknum: Hildi Sveinsdóttur, Bsp., Ester Kaldalóns Lsp., Rannveigu Jónasdóttur, Landakoti og Önnu Sigfúsdóttur R.H.

Fyrsti fræðslufundur, af fjórum á síðast liðnum vetri, var haldinn 7. des. 1976. Talaði próf. Víkingur H. Arnórsson þar um heilahimnubólgu.

Annar fundur var haldinn 1. febr. 1977 einnig á Landspítalanum. Pórir Helgason læknir fjallaði þar um sykursýki.

Priðji fundur var haldinn 5. apríl

1977 á Borgarspítalanum. Kári Sigurbergsson, læknir, ræddi þar um lupus erythematosus.

Fjórði og síðasti fræðslufundurinn var haldinn 17. maí 1977 á Landakotssíptala. Flutti Jón Óttar Ragnarsdóttir, matvælafræðingur, þar erindi, sem hann nefndi „Í völundarhúsi fjöréfnanna.

Fundirnir voru allir mjög fjölsóttir einkum framan af vetri og var fyrsti fundurinn svo vel sóttur að elztu menn mundu ekki aðra eins fundarsókn. Fræðslunefndin þakkar fyrirlesurum fyrir áhugaverð og vel flutt erindi og öllum þeim meinatæknum, sem studdu fræðslunefndina af miklum myndarskap, með útbúningi og framleiðslu glæstra kræsinga í lok fundanna.

#### SKEMMTINEFND

Í skemmtinefnd voru kosnar Ragna Ágústsdóttir R.H., Sigurlaug Sveinsdóttir Kleppsspítala, Guðrún Ingimarsdóttir Vífilsstöðum, Vigdís Fjeldsted Lsp. Nefndin hélt bráðskemmti-

legt barnaball sunnudaginn 9. janúar að hótel Loftleidum, Víkingasal. Örlítill ágóði varð af skemmtuninni.

#### RITNEFND

Í ritnefnd voru kosnar fyrir þetta blað, Stefanía Stefánsdóttir ritstjóri, Landspítala, Geirlaug Björnsdóttir, Landakoti, Kristín Bergsteinsdóttir, Borgarspítala, Petra Pétursdóttir, Kleppsspítala og voru þær cinnig í nefndinni í fyrra, Sigurlaug Aðalsteinsdóttir, R.H. var ný í nefndinni. Þar sem blaðið kom mjög seint út á seinasta ári var farið að ræða efni í þetta blað um leið og við gengum frá hinu, því við höfðum hug á að vera fyrr með blaðið í ár. Að fá efni í blaðið gekk nokkuð vel, en tólk sinn tíma. Petra sér um auglýsingarnar eins og í fyrra. Við höfðum fyrir auglýsingarnar í síðasta blaði talsvert uppi kostnaðinn og verður vonandi eins núna.

Prentsmiðja Árna Valdemarssonar sá um prentun blaðins fvrir okkur eins og mörg undanfarin ár.

---

# Greinargerð formanns

---

Á þessu starfsári hafa verið haldnir ellefu stjórnarfundir og einn félagsfundur auk aðalfundar 5. okt. '76.

Mikið vinnuálag og aukavinna vegna vakta háir félagsstarfsemi okkar að vanda auk þess sem óvenju mikil frjósemi virðist hafa einkennt stjórni félagsins undanfarið.

## Lagabreytingar

Á aðalfundi voru samþykktar nokkrar lagabreytingar varðandi aðalfundartíma og röð dagskrárlíða á aðalfundi. Hafa þær verið fjörlitaðar og sendar til félagsmanna.

## Stjórnrarkjör

Stjórn MTÍ kosin á aðalfundi '76:  
Jóhanna Jónasdóttir, formaður,  
Landakotsspítala,

Guðrún Dóra Erlendsdóttir, vara-  
formaður, Borgarspítala,

Eygló Gísladóttir, bréfritari, Keldum,

Árný Skúladóttir, gjaldkeri, Borg-  
arspítala,

Hrefna Kjartansdóttir, fundarritari,  
Rannsóknast. Háskólans (var í stjórni  
'75),

Martha Hjálmarsdóttir, varastj.,  
Rannsóknast. Háskólans, (var í stjórni  
'75),

Eygló Bjarnardóttir, varastj., Land-  
spítala.

## Endurskoðendur:

Sigrún Rafnsdóttir, Landspítala,  
Stefanía Stefánsdóttir, Landspítala,

## Varaendurskoðandi:

Erla Pórðardóttir, Rannsóknastofu  
Háskólans.

## Ritstjóri:

Stefanía Stefánsdóttir, Landspítala.

## Skólanefnd:

Guðrún Árnadóttir, Rannsóknastofu  
Háskólans,

Sigrún Stefánsdóttir, Borgarspítala  
(til vara).

Aðrar nefndaskipanir koma fram í  
tilheyrandi greinargerðum nefndanna  
hér í blaðinu.

## Nýir félagar

Aðeins 12 meinatæknar útskrifuðust haustið '76 og gengu í MTÍ. Pessi hópur fullnægði hvergi nærri þörfinni fyrir aukinn starfskraft á rannsóknastofnunum þeim sem fyrir eru og einnig eru fyrirsjáanlegar tafir á því að heilsugæslustöðvar um land allt geti veitt þá þjónustu, sem heilbrigðislöggjöfin gerir ráð fyrir hvað varðar lækningaránnsóknir.

## Árgjald

Árgjald var óbreytt frá fyrra ári kr. 3000,00 á félaga og er það orðið algerlega ófullnægjandi. Daglegur rekstur skrifstofunnar getur vart haldið áfram lengi án einhverra launagreiðslna og einnig er vafasamt að hægt sé að halda uppi blaðaútgáfu án nokkurra greiðslna nema fyrir prentun.

## Kjaramál

Góður hluti aðalfundar fór í umræður um kjaramál og var send út aðalfundarsamþykkt til fjölmíðla þar sem lýst var yfir megnri óánægju með úrskurð kjaranefndar og lýst stuðningi við aðgerðir annarra heilbrigðisstéttu í kjaramálum. Var það eindregið álit fundarmanna að kaupmáttarrýrnunin væri orðin meiri en við yrði unað.

Pá var haldinn félagsfundur um kjaramál 27. okt. '76 og höfðu þá far-

ið fram athuganir á vinnustöðum á afstöðu meinatækna til hópuppsagna. Þar sem ekki náðist meirihlutafylgi innan félagsins við uppsagnir var ekki hvatt til þeirra af fundarins hálfu að svo stöddu, en ákveðið að bíða átekta. Skrifað hafði verið bréf til kjarnefndar ríkisins daginn fyrir fundinn til að reyna að fá leiðréttið á þeirri rangtúlkun á útreikningi vetrarfría sem verið hefir. Ekki fékkst þetta teknið fyrir fremur en áður.

Sérkröfur MTÍ til SFR voru svo sendar þeim 24. apríl '77.

Var þar gerð ýtarleg grein fyrir óskum meinatækna og kröfum umfram það, sem þegar hafði komið fram fyrir alla opinbera starfsmenn.

Farið var fram á talsverðar beinar launahækkanir svo og ítrekaðar fyrri kröfur um réttmæt ákvæði um vetrarfrí.

Pá voru send inn ljósrit af launatöflum frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð máli okkar til stuðnings. Einnig var sérstaklega minnt á áhættuþátt starfsins svo sem smithættu og eitrunarhættu af efnagufum o.fl. Varað var við flófta úr starfi hjá heilbrigðisstofnunum ef laun ekki bötnuðu. Sem fyrr skal á það minnt að SFR semur fyrir meinatækna hjá ríkinu og eru það í reynd grunnsamningar, sem aðrir aðilar taka svo mið af.

Pegar þetta er skrifað hefir hlé verið á samningafundum, en væntanlega fer að koma skriður á málin.

Mikið hefir verið rætt undanfarin ár um óréttlæti það sem fram kemur við launþega vegna mismunar á lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða.

Meinatæknar hafa ekki eigin lífeyrissjóð, enda ekki nógu fjölmennir til þess, en hafa verið félagar í mismunandi lífeyrissjóðum eftir vinnustöðum. Þannig hafa flestir þeir, sem ekki vinna hjá ríki eða bæjum verið í Lífeyrissjóði VR, en Meinatæknafélagið hafði um það forgöngu árið 1970 að svo gæti orðið. Meinatæknar hjá Hjartavernd, Krabbameinsfélaginu og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði hafa nú fengið aðild að Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og nú er í undirbúningi að starfsfólk Landakotsspítala geti fluttst yfir í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Fleiri hópar koma eflaust til greina, þar sem í reglugerð sjóðsins mun gert ráð fyrir að hægt sé að taka inn starfsfólk líknarstofnana. Er þetta mikið hagsmunamál fyrir viðkomandi meinatækna. Félagar í MTÍ hafa ef til vill sýnt þessum málum minni áhuga en skyldi, vegna þess hve meðalaldur í félaginu er enn lágor. Þið sem eruð e.t.v. utanveltu í þessum efnnum ættuð að hafa samband við formann félagsins.

Litlar breytingar hafa orðið á menntun meinatækna undanfarið þó vonandi miði í rétta átt hvað snertir skipulag og gæði kennslunnar.

Guðrún Árnadóttir mun segja frá störfum skólanefndar annarsstaðar í blaðinu, en nýlega hafa verið ræddar þar nokkrar breytingar á náminu. Á félagsfundinum 27. okt s.l. var allnokkuð rætt um menntunarmál og í nóvember var skrifað bréf til menntamálaráðherra þar sem spurst var fyrir um hvað liði störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var árið '74, til að gera tillögur um framtíðarskipan meinatæknanaums.

Ekkert svar hefir borist.

Mikil þörf væri á að meinatæknar gætu sjálfir lagt fram meiri vinnu við skipulagningu og framkvæmd kennslunnar, en byrjunin er erfið margra hluta vegna. Sérstakar kennslurannsóknastofur sem millistig milli bóklega námsins og vinnu á hinum mismunandi rannsóknadeildum ættu að gera mögulegt að mennta fleiri meinatækna á ári, bæta kennsluna og minnka álag það, sem nú er á rannsóknadeildunum vegna kennslu nýliða.

## Mót erlendis

Enginn fulltrúi frá MTÍ var á síðasta Norðurlandamóti í Stokkhólmi s.l. vor. Lengi vel var vonast eftir sjálfboðaliða, sem gæti sameinað þetta sínu fríi, með einhverjum styrk frá MTÍ, en svo var ekki.

Mun nú ljóst orðið eftir þessi tvö Norðurlandamót að öðruvísi verður að standa að þessu. Félagið verður að geta sent fulltrúa úr stjórninni, t.d. formanninn á hverjum tíma eða staðgengil hans bæði á Norðurlandamót og IAMLT þingin. Það er lágmark og til þess verður að hækka árgjöldin. 13. alþjóðamót meinatækna verður haldið í Edinborg í Skotlandi dagana 15.-22. júlí 1978 eins og sagt var frá í dreifibréfinu.

## Starfsréttindi meinatækna

Í nóvember í veturnar barst MTÍ tilkynning um að heilbrigðis- og tryggingsmálaráðherra, Matthías Bjarnason hefði veitt 3 stúlkum leyfi til að starfa sem meinatæknar við Fjórðungssjúkrahúsíð á Akureyri. 2 þessarra stúlkna höfðu áður sótt eftir að fá réttindi, en ekki hlotið meðmæli Meinatækna skólastuðans eða Meinatæknafélagsins. Var það vegna þess að menntun þeirra þótti ekki fullnægjandi miðað við kröfur í dag og ekki fullnægðu þær heldur kröfum um inngöngu í skólann. Ein þessara stúlkna aftur á móti er með stúdents-

próf og hlaut góðan hluta af sinni þjálfun á rannsóknastofu Landspítala löngu áður en Meinatækna skólastuður tók til starfa. Telur hún sig hafa haft leyfi yfirlæknis þar til að ljúka námstíma sínum á Akureyri vegna þess hve brýn nauðsyn var á því að fá starfskraft með einhverja þjálfun þangað á þessum tíma.

Því miður mun ekki hafa verið frá þessu gengið skriflega þá og síðan var viðkomandi stúlka búsett erlendis um tíma.

Allstór hópur starfsfólks á rannsóknastofum var í sömu aðstöðu og þessar tvær áðurnefndu stúlkur. Vegna skorts á meinatæknum hefir orðið að ráða aðstoðarfólk, sem síðan hefir að nokkru leyti farið inn á svíð meinatækna.

Við nánari athugun stjórnarinnar á hvernig hægt hefði verið að ganga í berhögg við álit skólanefndar og MTÍ í þessu máli kom í ljós að áðurnefndur ráðherra hafði bara gert sér lítið fyrir og samþykkt nýja reglugerð þar sem meðmæli Meinatækna skólastuðans og Meinatæknafélagsins eru óþörf. Vitað er að mjög stíft var leitað eftir því af hálfu forráðamanna FSA að þessar stúlkur fengju löggildingu og það aftur í tið Magnúsar Kjartanssonar sem ráðherra.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu fengust þau svör að ekki væri venja að senda viðkomandi stéttarfélögum upp-

lýsingar um reglugerðir varðand: starfsréttindi þeirra. Trúlega rétt hjá henni því þetta var sem sé í annað skiptið sem hálft ár hafði liðið frá undirritun ráðherra á reglugerð þar til stjórn félagsins á viðkomandi tíma varð kunnugt um hana af tilviljun. Hvað finnst mönnum um svona venjur?

Talað var við rektor Tækni-skóla Íslands og hafði hann heldur ekki fengið vitneskju um þessa nýju reglugerð. Var hann að vonum hissa á því vantrausti á forráðamenn Meina-tæknadeildarinnar, sem þessi breyting felur í sér og var kallaður saman fundur til að fjalla um þetta mál að beiðni formmanns MTÍ.

Fjallaði deildarstjórn Meina-tæknadeilda um málið og voru allir að vonum undrandi og áttu bágt með að koma auga á forsenduna fyrir breyt-ingunni. Var skrifaað allharðort bréf þar sem spurst er fyrir um forsenduna fyrir breytingunni og óskað svars og einnig varað við að beita reglu-gerðinni til álíka leyfisveitinga og að framan er sagt frá. Ekkert svar barst. Lítill hópur meinatækna, sem stofnaði

Meinatæknafélag Íslands og starfs-menntun sína hlaut með ýmsu móti fyrir daga Meina-tæknaskólangs þurfti þó samkvæmt lögum félagsins að hafa lokið lágmarksþjálfun í 2 ár á viðurkenndri rannsóknastofu, þ.e. þar sem yfirmaður er sémenntaður læknir í tilsvarandi rannsóknagrein. Þótti ekki stætt á að setja markið neðar fyrir 10 árum og eru meinatæknar því að vonum undrandi á afmælisgjöf ráðherrans, en Meina-tæknafélag Íslands átti 10 ára afmæli í febrúar 1977. Hefði okkur fremur þótt eðli-legt að smáauka bæði menntunina og kröfurnar til starfsleyfisveitingar þar sem nokkur aðlögunartími er nú liðinn. Þá skal bent á að fyrir meira en 20 árum síðan þótti ekki veita af stúdentsprófi til undirbúnings námi á rannsóknastofu að nokkru leytti vegna þess að fagbækur í greininni eru ekki til á okkar máli og er svo enn í dag.

Hér eru svo birtar báðar þessar umtöluðu reglugerðir ásamt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

18. júlí 1977  
Jóhanna Jónasdóttir, form.

## LÖG um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir

FORSETI ÍSLANDS *gjörir kunnugt:*

Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við læknингar.

### 2. gr.

Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunar-skilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

### 3. gr.

Rétt til að kalla sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisýfervalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir er hlotið hafa löggildingu heilbrigðismála-ráðherra.

### 4. gr.

Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstéttu. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

### 5. gr.

Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

### 6. gr.

Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viður-lög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um svíptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opin-berra mála.

### 7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

REGLUGERÐ  
um meinatækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenzkum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinatækna-skóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

4. gr.

Pað er skilyrði fyrir starfsleyfi eða löggildingu skv. 3. gr., að umsækjandi hafi meðmæli Meinatæknaskóla Íslands og Meinatæknafélags Íslands og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem á hverjum tíma eru sett fyrir atvinnuleyfi hér á landi.

REGLUGERÐ  
um meinatækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinatækna-skóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Takmörkuð og/eða tímabundin starfsréttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar reglugerð þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. um viðurkennd próf. Skilyrði fyrir almennu atvinnuleyfi hér á landi skulu ávallt vera uppfyllt.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli peirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar stéttarfélags íslenskra meinatækna.

4. gr.

Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

5. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Um meinatækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsréttinda og endurveitingu.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1973.*

Magnús Kjartansson.

*Páll Sigurðsson.*

5. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Um meinatækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsréttinda og endurveitingu.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 180/1973.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1976.*

Matthías Bjarnason.

*Jón Ingimarsson.*

# URICULT

LÆKNAR — MEINATÆKNAR —  
HJÚKRUNARKONUR!

Kynnið ykkur auðvelda og áreiðanlega aðferð til að ákvarða bakteríumagn í þvagi.

Undanfarin 2 ár hefur URICULT verið notað hérlandis með mjög góðum árangri.

Objektgleri með Nutrient Agar á annarri hliðinni og MacConkey Agar á hinni hliðnini er difið í nýtt þvag.

Bakteríukólóníur taldar eftir 16—18 klst.

Parf ekki nauðsynlega hitaskáp.

Handhægt á öllum lækninga- og rannsóknastofum.

*Biðjið um sýnishorn og referensa.*

UMBOÐSMENN:

## URANUS SF.

Pósthólf 646 — Reykjavík — Sími: 11590



**CARL ZEISS**

**HAUKAR HF**

Grandagarður 1B — Sími 27544

Höfum fyrirliggjandi vörur frá:

## **MEDIPLAST A.B.**

einnota:  
Plast-hanskar  
plast-lök o.fl.

## **SUJCO A.B.**

gúmmíhanskar:  
Regent  
Skin-thin  
Coral  
Husky

## **L R INDUSTRIES**

einnota:  
Sprautur  
nálar  
catheter o.fl.

## **HERMES HF.**

Grettisgötu 8 — Reykjavík — Símar: 25490 - 20780

# **RADIOMETR**

## **rannsóknatæki**

**BDH efnavörur**

**AMES prófefni**



Útvegum eða veitum fyrirgreiðslu  
við útvegun rannsóknatækja og  
efnavöru fyrir rannsóknastofur frá  
flestum stærstu framleiðendum og  
seljendum í Evrópu.

**G. ÓLAFSSON HF.**

*Suðurlandsbraut 30 — Sími 84166.*

# Ódýru búsaðoldin frá Reykjalundi

Fyrileiðanir Vinnuheimilið ad Reykjaland




REYKJALUNDUR



Plastáhöld ryðja sér æ meir til rúms í sifellt fjölbreyttari gerðum.  
Þau hafa marga ótvíraða kosti:

- Þau brotna ekki. ● Þau eru létt og þægileg i meðfórum, fara vel i skáp.
- Auðvelt er að þrífá þau. ● Lokað matarilát eru mjög vel þétt.

Reykjalundur býður yður nú margvislegar gerðir búsaðala úr plasti í fjölmörgum litum: fót, litil og stórr; fótur, opnar og lokaðar; kassa og box (bitabox); skálar, könnur, glös o. fl.



VINNUHEIMILIÐ AD REYKJALUNDI  
ADALSKRIFSTOFA REYKJALUNDI,  
Mostellsveit — Sími 91-66200  
SKRIFSTOFA I REYKJAVÍK  
Braeðraborgarslag 9 — Sími 22150

**Beckman®**

**BECKMAN INSTRUMENTS  
INTERNATIONAL S.A.**




**KLiNa Flame System**




Enzyme Activity Analyzers,  
UV-Vis. — Spectrophotometers,  
IR- Spectrophotometers,  
Atomic Abs. Spectrophotometers,

Radioimmunoassay Systems,  
Electrophoresis Systems,  
Glucose/BUN Analyzers,  
Electroencephalographs,  
Cardiopulmonary Instruments,




**Model 25 Kinetics System**



Flame Photometers,  
Centrifuges,  
pH-Meters, . . . . .



RBC  
WBC  
MCV  
Hct  
Hgb



**COULTER ELECTRONICS  
LIMITED.**

Haematology Equipment,  
RBC/WBC Counters,  
Haemoglobinometer,  
Thrombocounter,  
Thrombofuge,  
Diluters, Mixers,  
Reagents,

**VIÐGERÐAR- OG VIÐHALDSÞJÓNUSTA Á ÖLLUM TÆKJUM.**

---

**KRISTJÁN Ó.  
SKAGFJÖRD HF.**

# Anaerobic System

## Specimen Collection/ Transportation PORT-A-CUL™


Many anaerobes die between the patient and the laboratory. A crucial factor affecting the ultimate success of anaerobic culture is the proper selection, collection and rapid transportation of specimens to the laboratory in an anaerobic transporter.

1



### Blood Cultures VACUTAINER® CULTURE TUBES


One in five positive bacteraemias is fatal and up to 13% of positive blood cultures can be attributed to anaerobes. Adequate patient care demands good technique, well selected procedures and avoidance of contamination.



### Growth/Incubation/Isolation GASPAK® ANAEROBIC SYSTEMS

For growth, most anaerobes need an oxygen-free atmosphere supplemented with CO<sub>2</sub>. When clinical specimens obtained avoiding contamination with normal flora, are immediately placed under anaerobic conditions and transported in an anaerobic container, the recovery of anaerobes with the Anaerobic Jar method is simpler in use, as effective but less expensive than other more complex methods.

2



### Culture Inoculation DEHYDRATED CULTURE MEDIA


Specially formulated, enriched and pre-reduced media are essential for the successful culture of anaerobes.

3



### 5 Identification SENSI-DISC® SYSTEM MINITEK™ SYSTEM

Identification of more common anaerobes can often be made on the basis of a few observations such as colonial and cellular morphology, Gram reaction, susceptibility to certain antibiotics and biochemical characteristics. Recent developments in miniaturised biochemical differentiation system for anaerobes can provide the busy routine diagnostic laboratory with a system combining fast results and economy of time and space, with an accuracy equivalent to conventional tube methods.



Umboðsmenn eftirfarandi fyrirtækja:

**BECTON DICKINSON**  
**BBL**  
**GLAY ADAMS**

**SPECTRA**  
**FALCON**  
**O.FL.**

**ÍSLENZK**  
**AMERÍSKA HF.**